

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414, 15. júlí 1994,
um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laga nr. 38/1990,
um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87/1994.

1. gr.

Í stað: „6%“ í 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi: 6,4%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992,
um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Í stað orðanna: „1. september 1994“ í síðasta málslíð 11. gr. reglugerðarinnar komi: 1. september 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.